



## Þjónustu og samstarfssamningur

Félagsmiðstöðin Tían og Ártúnsskóli gera með sér svohljóðandi samning um þjónustu, samstarf og réttindi:

### 1. Tilgangur og markmið

Báðir aðilar veita þjónustu til barna í 5., 6. og 7. bekk. Samkvæmt nýrri menntastefnu er áhersla á aukið samstarf milli stofnanna skóla- og frístundasviðs (SFS). Markmið samningsins er að festa í sessi samstarf samningsaðila, tryggja þjónustu í þágu barnanna, ákveðið aðgengi að starfsmönnum og þjónustu beggja aðila.

### 2. Þjónusta Tíunnar

Félagsmiðstöðin Tían veitir frístundaþjónustu fyrir börn í 5., 6. og 7. bekk í Árbæjarhverfi. Frístundastarf er mikilvægur partur í nútíma samfélagi þar sem flestir foreldrar eru fjarverandi vegna vinnu þegar börnin ljúka skóla. Börnin ljúka hefðbundnum skóla í kringum 14:00. Tían er opin fyrir öll börn á þessum aldri alla virka daga frá 14:00-16:00. Starfsemin fer fram í húsnæði Tíunnar í Rofabæ 30 í Árbæ.

#### Aukin þjónusta

- Starfsmenn Tíunnar og Ártúnsskóla funda reglulega, einu sinni á önn og eftir þörfum.
- Starfsmenn Tíunnar kynna starfsemina fyrir foreldrum á kynningarfundum að hausti.
- Starfsmenn Tíunnar hafa fasta viðveru með börnum í 5., 6. og 7. bekk. Í viðveru er unnið með málefni líðandi stundar, hópefli, margskonar fræðsluefni og börnin valdefld til þess að vera virkir þátttakendur í víðum skilningi.
- Félagsmiðstöðin Tían býður börnum í 5., 6. og 7. bekk að koma í vettvangsferðir í Tíuna í fylgd með umsjónarkennara í byrjun skólaárs.
- Starfsmenn Tíunnar aðstoði við nemendaráð/nemendafélag Ártúnsskóla
- Starfsmenn Tíunnar aðstoði við viðburði á vegum skólans
- Starfsmenn Tíunnar haldi viðburði í Ártúnsskóla eftir að skólatíma lýkur

### 3. Þjónusta Ártúnsskóla

- Býður starfsmönnum Tíunnar á kynningarfundum fyrir foreldra að hausti og gefur þeim tíma í kynningunni eftir þörfum.
- Ártúnsskóli leggur til samgöngukort fyrir börnin á virkum dögum. Samgöngukortið er einungis virkt með almenningssvagni frá Ártúnsholti fyrir nemendur í fylgd með starfsmanni Tíunnar. Samgöngukortið tryggir auðveldari aðgang barnanna að starfsemi Tíunnar í Rofabæ 30.
- Veitir starfsmönnum Tíunnar tíma og aðstöðu við hæfi fyrir viðveru.

### 4. Samstarf og hagsmunaaðild

Samningur þessi innsiglar samstarf samningsaðila. Við undirritun samnings er verið að tryggja að báðir samstarfsaðilar leggi sitt af mörkum að veita börnunum þá þjónustu sem um getur í samningi þessum.

### 5. Gildistími og endurskoðun

Þessi þjónustusamningur er ótímabundinn og gildir frá og með 1. apríl 2019. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur er út þá skólaönn sem uppsögn á sér stað. Samningsaðilum er heimilt að endurskoða samninginn á samningstímanum.

### 6. Undirritun

Samningsaðilar staðfesta báðir þennan samning með undirritun sinni. Báðir aðilar hafa kynnt sér efni samningsins og ábyrgjast rétt sinn til undirritunar fyrir hönd samningsaðila.

Staður og dags.: \_\_\_\_\_

Nafn og kennitala: \_\_\_\_\_

f.h. Ártúnsskóla

Staður og dags.: \_\_\_\_\_

Nafn og kennitala: \_\_\_\_\_

f.h. Tíunnar